

Mál nr. 144/2012**M****og****Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar sveitarfélags**

Ágreiningur um bótaskyldu vegna skemmda á bifreið sem ekið var í holu á Vesturlandsvegi þann 06.01. 2012.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 28.03. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 16.04. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu, ekki hafi verið sýnt fram á að tjónið á bifreiðinni verði rakið til sakar af hálfu vátryggingartaka. Vátryggingartaki og starfsmenn hans hafi ekki vitað um ástandið þegar tjónið varð sbr. umfjöllun félagsins í nefndu bréfi til nefndarinnar. Félagið vísar til úrskurðar nefndarinnar í máli nr. 15/2009 og nr. 85/2012 afstöðu sinni til stuðnings. Félagið telur að brugðist hafi verið skjótt við af hálfu vátryggingartaka í umræddu tilfelli þegar tilkynning barst um aðstæður.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu vegna þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Ósannað er að vátryggingartaki eða starfsmenn hans hafi haft vitneskju um ástand götunnar þegar tjónið varð og/eða að þeir hafi brugðist við seint eða illa. M.ö.o. ekki hefur verið sýnt fram á vanrækslu aðila.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 24. apríl 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.